

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Eyjafjarðarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í sveitarfélaginu eins og nánar er kveðið á um í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjaldið miðast við stærð og tegund íláta og fjölda tæminga. Hverjum húsráðanda er skylt að nota það ílát, sem sveitarstjórn ákveður og hentar magni úrgangs sem til fellur á hverjum stað sbr. heimild í 9. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Norðan Miðbrautar er lífrænum úrgangi safnað sérstaklega, en sunnan Miðbrautar gefst íbúum kostur á að kaupa jarðgerðartunnu með aðstoð sveitarfélagsins.

Þá er lagt á sérstakt gjald á búfjáreigendur til að standa straum af kostnaði við förgun dýraleifa og miðast gjaldið við að standa undir hluta af áætluðum kostnaði við förgunina fyrir hverja búfjártegund.

3. gr.

Á hverja íbúð greiðist sorphirðugjald sem ræðst af stærð íláta, staðsetningu og úrgangstegund:

<i>Almennur úrgangur:</i>	<i>240 l</i>	<i>360 l</i>	<i>660 l</i>	<i>1.000 l</i>
Sunnan Miðbrautar	16.200 kr.	21.900 kr.	35.600 kr.	47.300 kr.
Norðan Miðbrautar	19.500 ¹ kr.	21.900 kr.	35.600 kr.	47.300 kr.
	<i>240 l</i>	<i>360 l</i>	<i>660 l</i>	<i>1.000 l</i>
<i>Endurvinnslutunna:</i>	10.000 kr.	12.800 kr.	19.300 kr.	22.900 kr.
	<i>140 l</i>	<i>360 l</i>		
<i>Lífrænn úrgangur:</i>	21.500 kr.	26.000 kr.		
<i>Jarðgerðartunna:</i>	14.000 kr. eingreiðsla			

4. gr.

Á hvert frístundahús er lagt sorpeyðingargjald kr. 8.000 enda geti notendur þeirra losað sig við sorphirðu á gámasvæði á vegum sveitarfélagsins.

Eigendur frístundahúsa geta samið um að sorphirðu verði tekið hjá þeim á tímabilinu 1. júní – 31. ágúst, enda séu sorphirðulát þá höfð aðgengileg fyrir verktaka sem sjá um sorphirðuna. Sorphirðan fylgir þá sömu reglum og sorphirða sunnan Miðbrautar og skal greiða fyrir þjónustuna 50% af sorphirðugjaldi íbúða sunnan Miðbrautar í stað sorpeyðingargjaldsins.

5. gr.

Gjald fyrir eyðingu dýraleifa er lagt á heildarfjölda hverrar búfjártegundar samkvæmt búfjártegund eftirlitsskýrslu og er eftirfarandi:

Nautgripir	320 kr./grip	Sauðfé	55 kr./grip
Hross	85 kr./grip	Grísir	215 kr./grip

6. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu skal álagt og innheimt með fasteignaskatti og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign þeirri sem það er lagt á sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

¹ Með 30 l íláti fyrir lífrænan úrgang.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af umhverfisnefnd Eyjafjarðarsveitar og staðfest af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 14. desember 2012 sbr. heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og tekur gildi við birtingu.

Eyjafjarðarsveit, 4. janúar 2013.

Jónas Vigfússon sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 18. janúar 2013